

# **Símafundur í Svæðisráði Vatnajökulspjóðgarðs – vestursvæði, haldinn 19. ágúst 2010 klukkan 16.00.**

*Mættir: Elín Heiða Valsdóttir, Eydís Þ. Indriðadóttir, Leifur Þorsteinsson, Ólafía Jakobsdóttir, og Sigurður Skúlason. Erla Ívarsdóttir og Snorri Baldursson. Fundargerð ritaði Eydís Þ. Indriðadóttir.*

## **1. Fundargerð síðasta fundar**

Staðfest. Engar athugasemdir.

## **2. Staða á stjórnar og verndaráætlun - helstu athugasemdir sem bárust eftir auglýsingarferli.**

Gerðar voru athugasemdir við eftirfarandi atriði á Vestursvæðinu.

- Akstur gegnum Vonarskarð bæði með og á móti opinni akstursleið.
- Óskað var eftir að sýndir væru fleiri opnir slóðar á Tungnáröræfum.
- Óskað var eftir leyfður væri akstur á torfærri leið norðan við Blæng
- Athugasemd við að svæðið var auglýst undir verðarflokk 6 en ekki 2.
- Landsamband hestamanna óskaði eftir því að leiðin gegnum Vonaskarð væri opin sem reiðleið einnig að tryggð væri að hægt væri að ríða austur yfir Tungná á Gnapavaði.

Fulltrúar úr svæðisráði ásamt formanni umhverfisnefndar Ásarhepps skoðuðu slóðir á Tungnáröræfum, sjá tillögu um akstursleiðir eftir skoðunarferð í byrjun júlí (meðfylgjandi kort og skýringar)

Snorri bendir á að Bárðargatan er ófær stærsta hluta sumarsins vegna vatnavaxta í Sylgju og Sveðju. Skapar slysa hættu sé ekkert að gert. Vangaveltur um hvort réttlæt看legt sé að hafa leiðina opna, niðurstaðan er sú að gera þarf átak í merkingum strax næsta sumar. Þjóðgarðsverði falið að setja sig í samband við 4 x 4 klúbbin og leita eftir aðstoð við merkingar.

Stjórn hefur tekið ákvörðun um að akstur verði ekki heimilaður í Vonarskarði og ekki heldur umferð hrossahópa. Vetrarumferð er heimil á flatlendi Vonarskarðs.

## **3. Skýrsla þjóðgarðsvarðar - sumarstarfið og áherslur í uppbyggingu á svæðinu.**

Snorri hefur farið um svæðið en þó minnst vestan jökuls þar sem hann hefur aðeins getað varið 2 dögum í sumar. Allir landverðir hafa verið leystir af tímabundið nema vörður í Nýjadal. Mikið hefur verið unnið í merkingum og stígagerð í Laka en verulegur skortur er á hreinlætisaðstöðu. Setja þarf það verkefni í forgang. Bæta þarf við landverði ef vel á að vera. Mikið álag á einum manni að hugsa um allt þetta svæði. Vel hefur gengið í Hólaskjólí að anna þeim verkefnum sem eru þar á könnu landvarðar. Sjálfboðaliðar eru væntanlegir seinast í ágúst til starfa.

Vinna þarf að því að koma upp upplýsingamiðstöð í Hrauneyjum sem væri mönnum allt árið. Spurning um fjármögnun og eðlilegt að þetta verði samstarfsverkefni fleiri aðila. Koma þarf upp betri móttöku í starfstöð landvarðar í Nýjadal. Bæta þarf við landverði þar þannig að einn sé alltaf til staðar í starfsstöð og annar í leiðsögn á svæðinu.

Bent er á að verulegar úrbætur þarf að gera á vegi inn í Laka. Um 10.000 manns heimsækja svæðið ár hvert og vegurinn aðeins heflaður einu sinni á sumri. Landverðir hafa allir staðið sig með ágætum í sumar.

## **4. Önnur mál**

a) - Ferð svæðisráðsins að Laka og Langasjó. Ákveðið að formaður svæðisráðs ákveði daga eftir miðjan september.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 17.05.

**Símafundur í Svæðisráði Vatnajökulspjóðgarðs – vestursvæði, haldinn  
19. ágúst 2010 klukkan 16.00.**